



Reykjavík, 1. júlí 2014

Til aðildarfélaga og landssambanda innan Alþýðusambands Íslands

Efni: Boðun til 3. þings ASÍ-UNG

Boðað er til 3. þings ASÍ-UNG með vísan í 29. gr. laga ASÍ sbr. 6. gr. samþykpta ASÍ-UNG, sem haldið verður að Guðrúnartúni 1 (4. hæð), 105 Reykjavík, þann 12. september 2014.

a. Dagskrá þingsins

Stjórn ASÍ-UNG hefur lagt drög að dagskrá þingsins og valið þau málefni sem málefnavinnan á þinginu mun taka til en þau eru annars vegar *1) samræming fjölskyldu- og atvinnulífs* og hins vegar *2) tekjuskipting í samfélaginu*.

Ekki eru gefin út eða samþykkt formleg umræðuskjöl en hvað varðar málefnið hefur verið tekið saman ítarefni sem hafði mótandi áhrif á það að málefnið urðu fyrir valinu. Ítarefnið ásamt drögum að dagskrá þingsins verður aðgengilegt á vefsíðu ASÍ-UNG (www.asiung.is) og á sérstöku vefsvæði á vefsíðu ASÍ (www.asi.is/) eftir því sem nær dregur þinginu.

b. Málefni og þingfulltrúar frá aðildarfélögum ASÍ

Með vísan í 2. mgr. 8. gr. er minnt á það að einstökum aðildarfélögum er heimilt að senda mál og tillögur til umræðu á þinginu allt að 6 vikum fyrir þingdag. Eru félög hvött sérstaklega til þess að sýna virkni og frumkvæði í þessum efnum.

Þingfulltrúa, þ.e. aðal-, vara- og aukafulltrúa skulu aðildarfélög tilkynna til skrifstofu ASÍ (asi@asi.is) skv. ákvörðun stjórnar fyrir 1. september nk. Í tilkynningu skal tiltaka nöfn og kennitölur þingfulltrúa og sérstaklega skal tiltaka hver er aðal-, vara- og aukafulltrúi.

Vakin er sérstaklega athygli á því að skv. breytingum á samþykktum ASÍ-UNG á síðasta þingi er nú aðildarfélögum heimilt að senda aukafulltrúa til fylgdar aðalfulltrúa. Aukafulltrúi hefur tillögu og málfrelsisrétt en eingöngu aðalfulltrúi hefur atkvæðisrétt.

c. Hagnýt atriði

Þing ASÍ-UNG hyggst með hliðsjón af spjaldbólunvæðingu og með tilliti til umhverfissjónarmiða lágmarka pappírsmarkun eins og unnt er. Tilkyntist því að umræðuskjöl, samþykktir og þingsköp ASÍ-UNG verða ekki til dreifingar í pappírsmarkun á þinginu. Þeir þingfulltrúar sem óska eftir umræddum gögnum á pappírsmarkun eru því vinsamlegast beðnir um að hafa samband við skrifstofu ASÍ í aðdraganda þingsins svo hægt sé að verða við því.

Minnt er á að skv. 5. mgr. 10. gr. samþykktar skal hvert aðildarfélag bera allan kostnað af fulltrúa sínum á þing ASÍ-UNG en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir. Hvað það varðar vísast til viðeigandi reglugerðar sem sett er af sambandsþingi ASÍ um ferðakostnað og er aðgengileg á www.asi.is.

Virðingarfyllst
Stjórn ASÍ-UNG